

Fundargerð

Fundarstaður. Árnes

Tími: kl. 16:00

16. 04. 2019.

Fundarefni: Girðingamál milli aðila Gnúpverjafréttar og þeirra aðila sem eiga eða hafa umsjón með landi sem liggur að afréttinum.

Fundinn sátu:

Kristófer Tómasson Sveitarstjóri, Arnór Hans Þrándarson, Gylfi Sigriðarson og Lilja Loftsdóttir Afréttarmálanefnd Gnúpverjafréttar, Jón H Gíslason og Olivera Illic Landsvirkjun, Hrönn Guðmundsdóttir Hekluskógin, Trausti Jóhannsson og Jóhannes H Sigurðsson Skógræktinni.

Landgræðslan fékk einnig fundarboð, en gátu því miður ekki sent fulltrúa þennan dag. Verða boðuð síðar til fundar við Afréttarmálanefnd og sveitarstjóra.

Eftirfarandi mál rædd:

Farið yfir þær girðingar sem liggja að afréttinum og fyrirkomulag viðhalds á þeim. Fyrirkomulagið nokkuð ljóst. Girðingin meðfram veginum á Hafinu stendur þó útaf og hefur ekki verið viðhaldið í nokkurn tíma. Landsvirkjun girti þessa girðingu á sínum tíma þegar framkvæmdir hófust við Sultartanga til að varna því að fé kæmist yfir þjórsá. Eftir að framkvæmdum lauk og girðing kom jafnframt yfir Sandafellið ofan við Bláskóga telja þau þessa girðingu ekki á sínum vegum lengur. Ristahlið sem var á veginum innan við Ísakot var tekið í burtu eftir að girðingin kom með veginum og því er nú spurning hvort Vegagerðin eigi að koma að viðhaldi þessarar girðingar. Unnið verður í málinu til að hægt verði að koma þessari girðingu í lag. Meðfylgjandi kort sýnir fyrirkomulag girðinganna.

Hliðið á veginum ofan við Gjánna er of oft skilið eftir opið og stundum verið rætt að setja þar ristarhlið. Ákveðið að hrinda því í framkvæmd nú í sumar. Skógræktin á hlið sem ekki er í notkun og ætlað að koma því á staðinn en Kristófer lofar að sjá til þess að því verði komið niður.

Þá var rætt hvort ekki sé nauðsynlegt að setja skilti á íslensku og ensku á hliðin að þeim eigi að loka. Kristófer ætlað að vinna í því.

Olivera og Hrönn sögðu frá því að ekki yrði borið kjötmjöl á Hekluskóga svæðið fyrr en í haust eftir smöluun.

Fundi slitið kl. 17:00

Fundarritari: Lilja Loftsdóttir

Gylfi Sigriðarson.
Lilja Loftsdóttir